



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 16. apríl 2024

Lög KSÍ

Ágætu félagar,

Á 78. ársþingi KSÍ 2024 voru samþykktar breytingar á lögum KSÍ. Um er að ræða breytingar lagðar til á knattspyrnuþingi með þingskjali [nr. 7](#) og þingskjali [nr. 9](#) ásamt [9b](#). Í samræmi við 51. grein laganna þá öðlast lögin gildi við samþykki þeirra á knattspyrnuþingi og að lokinni staðfestingu framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Hefur framkvæmdastjórn ÍSÍ nú staðfest ný og breytt lög KSÍ, með bréfi dags. 15. apríl 2024. Meðfylgjandi er bréf frá ÍSÍ dags. 15. apríl.

Eftirfarandi er yfirlit yfir umræddar breytingar:

Breytingar sem samþykktar hafa verið eru **rauðmerktar**.
Það sem samþykkt hefur verið að falli út er ~~yfirstrikað~~



LÖG KNATTSPYRNUSAMBANDS ÍSLANDS

IV. KNATTSPYRNUÞING

13. grein - Dagskrá

13.1 Dagskrá knattspyrnuþings er:

- Þingsetning og staðfesting á lögmæti þingsins í samræmi við lög þessi.
- Kosning fyrsta og annars þingforseta.
- Kosning fyrsta og annars þingritara.
- Ávörp gesta.
- Álit kjörnefndar og það samþykkt.
- Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
- Lagðir fram endurskoðaðir reikningar KSÍ.
- Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga, skýrslan og reikningar lagðir undir samþykki.
- Stjórn KSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir næsta starfsár.

- j. ÍTF gefinn kostur á að leggja fram skýrslu fráfarandi stjórnar ÍTF, endurskoða reikninga, fjárhagsáætlun og starfsáætlun ÍTF
- k. Ef við á, umræður um skýrslu fráfarandi stjórnar ÍTF, endurskoðaða reikninga, fjárhagsáætlun og starfsáætlun ÍTF.
- l.j. Tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum teknar til afgreiðslu.
- m.k. Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.
- n.l. Önnur mál.
- o.m. Kosningar. Álit kjörnefndar.
 - 1. Kosning stjórnar.
 - a. Kosning formanns (annað hvert ár).
 - b. Kosning 4ra manna í stjórn.
 - d. Kosning 3ja varamanna í stjórn (annað hvert ár).
 - 2. Kosning fulltrúa frá landsfjórðungum.
 - a. Kosning 4ra manna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).
 - b. Kosning 4ra varamanna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).
 - 3. Kosning fulltrúa á íþróttatæping ÍSÍ.
 - 4. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
 - 5. Kosning í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ (8 menn annað hvert ár).
 - 6. Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ.
 - a. Kosning 3ja manna í áfrýjunardómstól
 - b. Kosning 5 varamanna í áfrýjunardómstól
 - 7. Kosning í leyfiráð KSÍ (5 menn annað hvert ár).
 - 8. Kosning í leyfisdóm KSÍ.
 - a. Kosning 5 manna í leyfisdóm (annað hvert ár).
 - b. Kosning 3 varamanna í leyfisdóm (annað hvert ár).
 - 9. Kosning í samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ
 - a. Kosning 3 manna í samninga- og félagaskiptanefnd (annað hvert ár).
 - b. Kosning 3 varamanna í samninga- og félagaskiptanefnd (annað hvert ár).
 - 10. Kosning í siðanefnd KSÍ
 - a. Kosning 3 manna í siðanefnd KSÍ (annað hvert ár).
 - b. Kosning 3 varamanna í siðanefnd KSÍ (annað hvert ár).
 - 11. Kosning fulltrúa í kjaranefnd.
 - a. Kosning 3ja manna í kjaranefnd (annað hvert ár).
 - b. Kosning varamanns í kjaranefnd (annað hvert ár).

12. Kosning kjörnefndar (3 menn annað hvert ár).

~~p.n.~~ Tilnefning og staðfesting eins fulltrúa ÍTF í stjórn og eins fulltrúa varamanns í stjórn (annað hvert ár).

~~r.ø.~~ Fundargerð þingsins borin upp til afgreiðslu.

~~s.þ.~~ Þingslit.


17. grein - Kosning stjórnar KSÍ

17.2 ~~Þeir þau~~ sem bjóða sig fram til embætta sem kosið er um samkvæmt grein 17.1. skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða skattalögum. Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar. ~~Þeir þau~~ sem kosin eru **og staðfest** í stjórn KSÍ og ~~þeir þau~~ sem kosin eru **og staðfest** til vara í stjórn KSÍ, ~~áð undanskildum fulltrúa ÍTF~~, skulu hvorki vera í launuðu starfi hjá aðildarfélögum KSÍ né sitja í stjórnunum eða vera formaður ráða þeirra.

Greinargerð

Framangreindar breytingar voru lagðar fram og samþykktar á knattspyrnuþingi 2024. Annars vegar er um að ræða samþykktar breytingar sem lagðar voru til af Þrótti Vogum á þingskjali 9 ásamt breytingum á þingskjali 9b. Hins vegar er um að ræða breytingar sem lagðar voru til af stjórn KSÍ í kjölfar athugasemda framkvæmdastjórnar ÍSÍ við lagabreytingar á ársþingi KSÍ 2023.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.



Haukur Hinriksson
yfirlögfræðingur hjá KSÍ